

Þriðjudaginn 26. mars 1991.

Nr. 494/1989, **Ákærvaldið**

nr. 485/1990 (Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

og nr. 486/1990. gegn

Sigurði Stefáni Almarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Skaðabætur. Sameining mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 8. desember 1989 áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 1. sama mánaðar í máli á hendur ákærða, og er það nr. 494/1989 hér fyrir dómi. Þá hefur hann með stefnu 17. desember 1990 áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 13. september 1990 í máli á hendur ákærða og þremur öðrum sakborningum, er ekki óskuðu áfrýjunar, nr. 485/1990 hér fyrir dómi. Loks hefur ríkissaksóknari með stefnu sama dag áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 19. október 1990 í máli á hendur ákærða einum, nr. 486/1990. Málunum er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingu.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur 1. desember 1989.

Með ákæru 7. september 1989 var ákærði sakaður um þjófnað á matvælum úr verslun við Eddufell í Reykjavík aðfaranótt 9. apríl 1989. Var hann handtekinn nærri vettvangi og játaði verknaðinn, en þýfið komst óskemmt til skila.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brotsins til refsingar eftir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skaðabótakröfu á hendur ákærða var vísað frá héraðsdómi, og kemur hún því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

II.

Héraðsdómur 13. september 1990.

Með ákæru 22. febrúar 1990 var ákærði sakaður um það ásamt öðrum manni að hafa brotist inn í söluturn við Skúlagötu í Reykjavík aðfaranótt 30. október 1989 í félagi við þriðja mann og stolið þar talsverðu magni af tóbaki, öli, matvælum og svonefndum happaprennumiðum. Ákærði játaði þátttöku í verknaðinum fyrst eftir handtöku, en kvaðst fyrir dómi einungis hafa verið viðstaddur hann og notið góðs af þýfinu ásamt félögum sínum.

Með vísan til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta sakarmat hans og færslu brotsins til refsingar eftir 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með ákæru 2. ágúst 1990 var ákærði einn sakaður um tékkafals með því að hafa í marsmánuði 1989 notað eða reynt að nota í viðskiptum 7 tékka á stolnum eyðublöðum, sem hann falsaði á nafn útgefanda og reikningsnúmer. Gekkst ákærði við verknaði þessum.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brotsins til refsingar eftir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um fimm skaðabótakröfur, sem bornar hafa verið fram á hendur ákærða vegna þessara tékkaviðskipta. Verjandi óskaði ekki endurskoðunar á ákvæði dómsins um kröfurnar. Ákærði hefur viðurkennt kröfur þessar fyrir dómi, og ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um skaðabætur.

III.

Héraðsdómur 19. október 1990.

Með ákæru 7. september 1990 var ákærði sakaður um að hafa að kvöldi 16. júlí 1990 brotist inn í kjallaráíbúð við Klyfjasel í Reykjavík og stolið þaðan sjónvarpstæki og útvarps- og segulbands-tæki. Lögregla kom að ákærða á staðnum, þar sem hann var að flytja þessi tæki út í leigubifreið. Kvaðst hann hafa skrúfað laust stormjárn á opnanlegum glugga á íbúðinni til að komast inn í hana. Tækin kvaðst hann hafa ætlað að færa húsráðanda og eiganda þeirra, stúlku, sem stödd var í íbúð við Nýlendugötu, sem ákærði hafði aðgang að og var án tækja af þessu tagi. Ákærði var mjög ölvaður, þegar hann var handtekinn, og hafði verið við drykkju í síðarnefndu íbúðinni.

Skýringar ákærða á ferð hans að Klyfjaseli koma ekki heim við frásagnir húsráðanda og vitnis, er hafði undir höndum lýkta hennar að íbúðinni. Eins og á stóð, þykir þó ekki nægilega sannað, að ákærði hafi haft þann ásetning að slá eign sinni á umrædd tæki. Samkvæmt því ber, sbr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála, að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í þessu máli. Verður sakarkostnaður í héraði svo og áfrýjunarkostnaður málsins lagður á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

IV.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram, að ákærði var 28. janúar 1991 dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 30 daga fangelsi og til sviptingar ökuleyfis ævilangt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fram er og komið, að ákærði eigi yfir höfði sér saksókn fyrir nokkur brot gegn hegningarlögum og umferðarlögum. Eins og rakið er í hinum áfrýjuðu dómum, á ákærði langan brotaferil að baki, einkum á sviði auðgunarbrota. Telst hann því vera vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 11 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði dóms 1. desember 1989 svo og dóms 13. september 1990 um sakarkostnað í héraði, að því er varðar ákærða. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað vegna þessara tveggja mála, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds samkvæmt ákæruskjali 7. september 1990.

Allur kostnaður þeirrar sakar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Ákærði sæti fangelsi 11 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms frá 13. september 1990 um skaðabætur eiga að vera öröskuð.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma frá 1. desember 1989 og 13. september 1990 um sakarkostnað eiga að vera óröskuð, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað í framangreindum tveimur málum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 1. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 597/1989: Ákærvaldið gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, sem tekið var til dóms 27. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september sl., á hendur ákærða, „Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, Reykjavík, kennitala 30.08.56-5519, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 9. apríl 1989 stolið í verslun KRON við Eddufell í Reykjavík matvöru, sem hann hafði á brott með sér í 3 innkaupapokum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 9. apríl sl. um kl. 4.25 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í verslunina KRON við Eddufell. Föru lögreglumenn á vettvang og höfðu tal af mönnum, er kváðust hafa séð ákærða hlaupa frá versluninni að Fannarfelli 12, og hefði hann verið með plastpoka í höndum. Lögreglumenn handtóku ákærða, þar sem hann var á hlaupum frá Fannarfelli að verslunarsamstæðunni við Eddufell, en hann hafði þá losað sig við pokana.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa stolið 3 pokum með matvælum úr versluninni. Kvaðst ákærði hafa átt leið fram hjá versluninni, er hann tók eftir því, að búið var að brjóta rúðu í versluninni. Kvaðst ákærði hafa séð 3 plastpoka liggja á gólfinu fyrir innan, og kvaðst hann hafa teygst sig inn fyrir og tekið pokana. Ákærði kvaðst síðan hafa losað sig við pokana við mannlausa bifreið, þar sem þeir rifnuðu um handfangið. Í pokunum voru matvæli, og komust þau til skila.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst

sannað, að hann hafi með þessu athæfi sínu gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1974 til ársins 1988 hlotið samtals 34 dóma, aðallega fyrir þjófnað, skjalafals, fjársvik og brot gegn umferðar- og áfengislögum, og nemur dæmd refsivist ákærða samkvæmt dómum þessum samtals 6 árum og 11 mánuðum. Þá hefur ákærði 10 sinnum sæst á sektargreiðslur, aðallega fyrir brot gegn áfengis- og fíkniefnalöggjöf.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Lögð hefur verið fram skaðabótakrafa í máli þessu af hálfu ofangreindrar verslunar, og er hún svohljóðandi:

1. Skipt um rúðu	14.000
2. Skemmdir á vörum	48.442
3. Vinna við hreingerningar	5.000
4. 5 stk. vasatölvur	5.000
5. Skiptimynt úr kössum	19.500
Samtals	91.942

Ósannað er, að tjón verslunarinnar, sem rakið er í kröfunni, sé af völdum ákærða. Ber því að vísa skaðabótakröfunni frá dómi.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Skaðabótakröfu verslunarinnar KRON, Eddufelli 4, er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 13. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 476-479/1990: Ákærvaldið gegn A, Sigurði Stefáni Almarssyni, B og C, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað með þremur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum

22. febrúar 1990, 12. mars 1990 og 2. ágúst 1990. Í fyrstu ákærinni er málið höfðað á hendur ákærðu, A og Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, kt. 300856-5519, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot, framin í Reykjavík 1989:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 30. október brotist inn í söluturninn Skúla, Skúlagötu 54, í félagi við Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 050861-5979, og stolið talsverðu magni af tóbaki, öli, matvælum og svonefndum happaprennum.

— — —
Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —
Í síðustu ákærinni er inálið höfðað á hendur ákærða Sigurði Stefáni Almarssyni einum „fyrir tékkafals með því að nota með eftirgreindum hætti í viðskiptum í mars 1989 í Reykjavík eftirtalda 7 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands hf., Hafnargötu 60, Keflavík, en tékkana, sem eru allir til handhafa, falsaði ákærði með nafni útgefanda, Gústaf Leifsson, og reikningsnúmeri 1208 nema einn, 1285:

1. Nr. 1247811, kr. 7.000, dagsettur 6. mars. Ákærði fékk kunningja sinn, Þórarinn Einarsson, til að reyna að skipta tékkanum í Landsbanka Íslands, aðalbanka, en sá varð frá að hverfa.

2. Nr. 1247802, kr. 5.000, dagsettur 5. mars. Notaður í söluturni Öddu, Hagamel 67.

3. Nr. 1247810, kr. 5.000, dagsettur 6. mars. Notaður í söluturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126.

4. Nr. 1247812, kr. 5.000, dagsettur 7. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en tékkinn ber ólæsilegt framsal.

5. Nr. 1247813, kr. 5.000, dagsettur 7. mars. Ákærði fékk tékkann Þórarni Einarssyni, sem reyndi að nota hann í versluninni Kaupstað í Mjódd, en varð frá að hverfa.

6. Nr. 1247814, kr. 5.000, dagsettur 6. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en tékkinn ber ólæsilegt framsal og einnig framsalsstimipil Olíufélagsins hf.

7. Nr. 1247824, kr. 5.000, dagsettur 5. mars. Ákærði fékk tékkann Þórarni Einarssyni, sem greiddi með honum fyrir viðskipti við leigubílstjóra af Hreyfli.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Málsatvik.

Ákæra, dagsett 22. febrúar 1990.

I.

Ákærði A kom fyrir dóminn 7. mars sl. og viðurkenndi þá að hafa brotist inn í söluturninn ásamt meðákærða og Jósep Hjálmar Sigurðssyni, og hafi verið stolið þeim verðmætum, er í ákærinni greinir. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið, er þeir félagar höfðu til umráða, og hafi þýfinu verið ekið áleiðis að Hverfisgötu 86. Ákærði hafði áður borið á sama veg hjá lögreglunni og viðurkennt innbrot í söluturninn aðfaranótt 30. október 1989, og staðfesti ákærði þann framburð sinn fyrir dóm-inum.

Ákærði Sigurður Stefán kom fyrir dóminn 3. apríl sl. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið þátt í innbrotinu, er honum er hér gefið að sök, en ákærða var kynntur framburður meðákærða fyrir dómi og hjá lögreglu svo og framburður Jóseps Hjálmars Sigurðssonar hjá lögreglunni, sem bar efnis-lega á sama veg og meðákærði A um meintan þátt ákærða í innbrotinu. Ákærði kvaðst hafa viðurkennt innbrotið, er ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni hinn 15. nóvember sl. Ákærði kvaðst hafa verið í „pressu“, og lögreglan hefði hótad gæsluvarðhaldi. Ákærði kvaðst hafa selt tóbakið, er meðákærði og Jósep Hjálmar Sigurðsson komu með úr innbrotinu, en ákærði kvað þýfið hafa verið flutt í Skipholt 40.

Jósep Hjálmar Sigurðsson var yfirheyrður hjá lögreglu hinn 13. nóvember sl. og lýsti þá innbrotinu og hlut ákærða Sigurðar Stefáns á sama veg og ákærði A bar bæði hjá lögreglu og fyrir dómi.

— — —

Ákæra, dagsett 2. ágúst 1990.

Ákærði kom fyrir dóminn 7. þ.m. og viðurkenndi þá að hafa gefið út og falsað þessa sjö tékka. Ákærði staðfesti lögregluskýrslu frá 27. apríl 1990, þar sem ákærði bar á sama veg og skoðaði alla tékkana og viður-kenndi fölsun og notkun tékkanna.

Ákærði samþykkti að greiða bótakröfur vegna tékka nr. 2-4 og 6-7, en ekkert hefur enn verið greitt af kröfunum.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 22. febrúar 1990.

I.

Ákærði Sigurður Stefán viðurkenndi sinn þátt í innbroti þessu, er hann var yfirheyrður hjá lögreglu 15. nóvember sl. Hinn breytti framburður ákærða Sigurðar Stefáns nú er órökstuddur og í ósamræmi við einshljóða framburð meðákærða A og Jóseps Hjálmars Sigurðssonar. Skýringar Sigurðar Stefáns á hinum breytta framburði eru að engu hafandi, og þykir dóminum með vísan til ofanritaðs og með vísan til gagna málsins að öðru leyti sannað, að ákærðu hafi framið þá háttsemi, er þeim er hér gefin að sök, og varðar brot ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greinir í ákærinni.

— — —

Ákæra, dagsett 2. ágúst 1990.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hefur gerst sekur um þessa háttsemi, og varða brotin við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er dæmdur til að greiða eigendum tékka nr. 2-4 og 6-7 skaðabætur auk vaxta, svo sem nánar greinir í dómsorði, en eigendurnir hafa í öllum tilvikum krafist greiðslu á höfuðstól viðkomandi tékka auk vaxta. Eigandi tékka nr. 4 er söluturninn Círó, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, Olíufélagið á tékka nr. 6, og Hreyfill sf. á tékka nr. 7. Eigendur tékka nr. 2 og 3 eru hinir sömu og getið er um í ákærinni.

— — —

Ákærði Stefán hefur frá árinu 1974 hlotið 35 refsíðoma, og dæmd óskil- orðsbundin refsivist ákærða samkvæmt dómum þessum nemur nærri 7½ ári. Ákærði hefur einkum hlotið dóma fyrir þjófnað, skjalafals, fjársvik, líkamsárásir, brot gegn umferðarlögum o.fl. Þá hefur ákærði 10 sinnum gengist undir sektargreiðslur, aðallega fyrir umferðar- og fíknilagabrot. Ákærði Stefán er síbrotamaður.

— — —

Refsing ákærðu er í öllum tilvikum ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og refsing ákærða Stefáns auk þess með hliðsjón af 78. gr. s.l. að hluta.

— — —

Ákærði Sigurður Stefán er síbrotamaður, svo sem rakið var að ofan. Ákærði Sigurður hlaut 6 mánaða fangelsisdóm hinn 1. desember sl. fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til þess og framanritaðs að öðru leyti þykir refsing ákærða Sigurðar Stefáns hæfilega ákvörðuð fangelsi í 3 mánuði.

— — —

Ákærði Sigurður Stefán greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

1. Söluturninum Öddu, Hagamel 67, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 21. mars 1989, en krafan er dagsett 21. mars 1989, og tékkinn ber ekki með sér, að reynt hafi verið að innleysa hann í banka.

2. Söluturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

3. Söluturninum Círó, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 17. mars 1989, en þá er krafan dagsett.

4. Olíufélaginu hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 10. mars 1989.

5. Hreyfli sf., kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

Í öllum tilvikum, er dæmdir eru dráttarvextir að ofan, reiknast vextirnir eftir vaxtalögum nr. 25, 1987, og ávallt frá uppgefnum tíma og allt til greiðsludags.

Ákærði Sigurður Stefán Almarsson greiði skipuðum verjanda, Sigurði Georgssyni hrl., kr. 35.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði B greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., kr. 20.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði A sæti fangelsi í 8 mánuði, en til frádráttar komi 8 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði Sigurður Stefán Almarsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði B sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustunni skil-orðsbundið í 1 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærða, C, sæti fangelsi í 30 daga.

— — —

Ákærði Sigurður Stefán greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

1. Söluturninum Öddu, Hagamel 67, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 21. mars 1989.

2. Söluturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

3. Söluturninum Círó, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 17. mars 1989.

4. Olíufélaginu hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 10. mars 1989.

5. Hreyfli sf., kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

Dráttarvextir reiknast í öllum ofangreindum tilvikum frá uppgefnum degi og til greiðsludags, og reiknast dráttarvextirnir eftir lögum nr. 25, 1987.

Ákærði Sigurður Stefán Almarsson greiði Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni kr. 35.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði B greiði Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni kr. 20.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. október 1990.

Ár 1990, föstudaginn 19. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 566/1990: Ákærvaldið gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september 1990, á hendur ákærða, Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, Reykjavík, kt. 300856-5519, „fyrir að hafa mánudaginn 16. júlí 1990 brotist inn í kjallaraíbúð í Klyfjaseli 2, Reykjavík, og stolið sjónvarpstæki og útvarps- og segulbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

Málsatvik.

Mánudagskvöldið 16. júlí sl. var lögreglan kölluð að Klyfjaseli 2 hér í borg vegna innbrots, er þar ætti sér stað. Lögreglan kom á staðinn og handtók ákærða, sem hafði í fórum sínum þá hluti, er í ákærinni greinir.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dóminum 24. september sl. og vísaði ákæruefninu þá algerlega á bug. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í íbúð að Nýlendugötu 24 b hinn 16. júlí sl. ásamt Ingibjörgu Huld Þorsteinsdóttur. Ákærði kvað hvorki sjónvarp né útvarp hafa verið í íbúðinni á Nýlendugötunni, og hafi ákærði því farið að beiðni Ingibjargar Huldar á dvalarstað hennar að Klyfjaseli 2 hér í borg í því skyni að sækja sjónvarps-, útvarps- og myndbandstæki. Ákærði kvað Ingibjörgu Huld hafa hringt í mann, er heiti Helgi, áður en ákærði hélt af stað að sækja tækin, og kvað ákærði Helga hafa verið staddan í íbúð Auðar Ólafsdóttur við Írabakka. Ákærði kvað Helga þennan hafa haft lykla að íbúð Ingibjargar við Klyfjasel, og hafi verið um það samið, að Helgi skildi lyklna að íbúðinni eftir á eldhússborði, og átti ákærði að geta teygt sig inn um gluggann og náð

til lyklanna. Ákærði kvað lyklana ekki hafa verið til staðar, er ákærði kom í Klyfjaselið, og kvaðst ákærði ekki hafa viljað svíkja Ingibjörgu Huld, eins og ákærði orðaði það, og því ákveðið að skriða inn um gluggann og sækja þá muni, er fyrir fram var ákveðið, að sóttir yrðu. Ákærði kvaðst síðan hafa mætt lögreglunni, er hann kom út úr íbúðinni.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 17. júlí sl. og bar þá í fyrstu um það, að hann hefði verið að sækja tækin með vilja og vitund Ingibjargar Huldar. Er ákærða var kynntur framburður Ingibjargar Huldar hjá lögreglunni þess efnis, að ákærði hefði ætlað að sækja bjór, er hann fór af Nýlendugötu 24 b að kvöldi 16. júlí sl., kvað ákærði framburð Ingibjargar Huldar vel geta verið réttan, og kvaðst ákærði hafa verið mikið ölvaður og ekki muna atburði vel.

Vitnið Ingibjörg Huld Þorsteinsdóttir kom fyrir dóminn 28. september sl.

Ingibjörg kvaðst hafa verið stödd ásamt ákærða í íbúð að Nýlendugötu 24 b hinn 16. júlí sl., og hefði ákærði haldið á brott úr íbúðinni um kvöldið, og kvaðst Ingibjörg hafa talið ákærða ætla að sækja bjór. Ingibjörg kvaðst aldrei hafa gefið ákærða heimild til að sækja muni þá, er í ákærinni greinir, á heimili sitt í Klyfjasel hinn 16. júlí sl. og ekki hafa vitað, er ákærði hélt á brott frá Nýlendugötu 24 b um kvöldið, að ákærði hafi þá ætlað að fara á heimili sitt í Klyfjaseli, heldur kvaðst Ingibjörg hafa talið ákærða ætla að sækja bjór, svo sem rakið var. Ingibjörg kvað mann, er heitir Helgi, á þessum tíma hafa haft lykil að íbúð sinni til umráða, og kvaðst Ingibjörg hafa greint ákærða frá þessu, er þau voru stödd í Klyfjaselinu. Helgi hafi skilað lyklunum síðar að sögn Ingibjargar Huldar.

Vitnið Helgi Bergsson, Aðalstræti 16, Akureyri, kom fyrir dóminn 17. þ.m.

Helgi kvaðst hafa haft lykil að íbúð Ingibjargar Huldar Þorsteinsdóttur til umráða hinn 16. júlí sl. Helgi kvaðst hafa tekið lyklana í sínar vörslur til að koma í veg fyrir, að Ingibjörg Huld tæki upp á því að aka bifreið sinni undir áhrifum áfengis, en billyklar voru einnig í lyklakippunni, er að framan greinir. Helgi kvað öruggt, að aldrei hefði verið um það samið eða rætt, að hann hefði átt að skilja lyklana eftir í íbúð Ingibjargar Huldar við Klyfjasel, svo að ákærði gæti nálgast þá. Helgi vísaði framburði ákærða að þessu leyti á bug og kvað hann rangan.

Niðurstöður.

Dóminum þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnaðarbrot það, er í ákærinni greinir, og að ákærði hafi þannig brotist inn í kjallaraíbúð í Klyfjaseli 2 hér í borg hinn 16. júlí sl. og stolið þeim munum, er í ákærinni greinir. Brotið varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur frá árinu 1974 hlotið 36 refsíðoma, og dæmd óskilorðsbundin refsivist samkvæmt dómunum er nærri 8 ára fangelsi. Brot ákærða eru ýmiss konar, en einkum þjófnaður, skjalafals, fjársvik, líkamsárásir og brot gegn umferðarlögum. Ákærði hefur 10 sinnum gengist undir sektargreiðslur, aðallega fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot. Ákærði hlaut hinn 13. september sl. 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, en sá dómur var hegningarauki við 6 mánaða fangelsisdóm.

Ákærði er síbrotamaður. Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 35.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 35.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl.